

Verkefnisstjórn 6. áfanga rammaáætlunar, 1. fundur

Staður og tími: Akurey, 8. hæð, Borgartúni 26, 4.9.2025 kl. 13:30-15:30

Mætt:

Verkefnisstjórn: Svanfríður Jónasdóttir formaður, Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, Pétur Marteinn, Ása L. Aradóttir, Kjartan Ólafsson. Á Teams: Jón B. Hákonarson.

URN/UOS: Herdís H. Schopka, K. Sóley Bjarnadóttir

Fundargerð:

1. Kynning á nýrri verkefnisstjórn.
2. Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48 frá 2011, sjá einnig frv. til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun sbr. yfirlit um mál ráðherra fyrir Alþingi sem fulltrúar í verkefnisstjórn fengu sent 18. júlí sl.
 - a. Stutt umræða um lagabreytingartillögu, m.t.t. styttu frests sveitarfélaga til að taka virkjunarhugmyndir inn á aðalskipulag. JBH fer stuttlega yfir sjónarmið sveitarfélaganna um þetta mál.
 - b. KÓ ræðir um verk svið faghópa, hvar rannsóknir séu unnar og m.a. hvort æskilegt sé að meðlimir faghópa stundi einnig rannsóknir. Ræðir sérstaklega þróun aðferðafræði faghóps 3 GAS bendir á að í 5. áfanga hafi þróun aðferðafræði faghópa 3 og 4 verði komin á þann stað að hægt hafi verið að nota niðurstöður beggja hópanna í vinnu verkefnisstjórnar við röðun og flokkun virkjunarkosta.
3. Reglur um starfshætti verkefnisstjórnar, reglur sendar með eldra fundarboði.
 - a. Starfsreglum varpað upp á skjá og farið yfir þær stuttlega. Reglugerð um virkjunarkosti rædd stuttlega. Rætt um ábyrgð virkjunaraðila að framkvæma nægjanlegar rannsóknir og kynna verkefnið nægilega í heimabyggð.
4. Faghópar verkefnisstjórnar, verkefni þeirra og mönnun.
 - a. SJ fer yfir verkefni og mönnun faghópa, m.a. í ljósi þess að í síðasta áfanga innleiddi verkefnisstjórn nýtt vinnulag, m.a. þannig að í stað þess að allir virkjunarkostir séu afgreiddir saman í lok skipunartíma verkefnisstjórnar er þeim skipt upp í nokkur „holl“ sem afgreidd eru úr verkefnisstjórn hvert á eftir öðru.
 - b. Formanni fengið umboð til að ræða við ákveðna einstaklinga um að taka að sér formennsku í öllum faghópunum fjórum.
 - c. Rætt um hvort ástæða sé til að breyta faghópum, þ.e. fjölda, verkefnum o.s.frv. Einnig hvort heppilegt sé að sami aðili sitji í fleiri en einum faghóp.
5. Fastir fundartímar verkefnisstjórnar og verkefni næstu funda.
 - a. Ákveðið að hittast annan hvern föstudag kl. 10-12 í húsnæði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, með möguleika á þátttöku á Teams.
6. Sóley Bjarnadóttir, áður starfsmaður verkefnisstjórnar, kynnir Teams-svæði rammans
 - a. Farið yfir uppbyggingu Teams-svæðis, rásir fyrir hópa og gögn o.s.frv.
 - b. Umsýsla verður færð frá Umhverfis- og orkustofnun yfir í URN á næstunni
7. Önnur mál:
 - a. Almenn umræða um hæfi meðlima í verkefnisstjórn og faghópum
 - b. SJ vekur athygli á lokaskýrslu verkefnisstjórnar 5. áfanga og ábendingum þar varðandi framhald vinnunnar við rammaáætlun

- c. Vefur rammaáætlunar ræddur stuttlega og framtíðarfyrirkomulag upplýsingamiðlunar um verkefnið.
 - d. Kortasjá og aðrar landupplýsingar vegna rammaáætlunar kynntar. Fyrir liggur að endurnýja samning verkefnisstjórnar við Náttúrufræðistofnun (gamla LMÍ) um vinnu við landupplýsingar.
8. Fundi slitið kl. 15:30

HHS ritaði fundargerð